



328. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 27. október 2022 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Olga Bjarnadóttir, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.

Teams: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Úlfur H. Hróbjartsson og Valdimar Leó Friðriksson.

#### Dagskrá:

**1. Upplýsingar frá skrifstofu og fagsviðum**

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir það helsta í samantekt um helstu verkefni á skrifstofu ÍSÍ og hjá fagsviðum, sem fylgdi fundargögnum stjórnar.

Vinnufundur starfsfólk var haldinn 13. október sl. þar sem farið var yfir breytingu á fagsviðum ÍSÍ og skipulagi á skrifstofu ÍSÍ.

**2. Formannafundur 2022**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Búið er að senda út fyrra fundarboð í samræmi við lög ÍSÍ. Fundurinn verður 25. nóvember kl. 15:30. Staðsetning er ekki endanlega staðfest en verður komin á hreint áður en seinna fundarboð verður sent út. Fyrir fundinn er áætlað að halda kynningar um samræmda viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs og verkefni ÍSÍ um góða stjórnunarhætti.

**3. Samstarf ÍSÍ og Jafnréttisstofu**

Framkvæmdastjóri skýrði frá erindi Jafnréttisstofu þar sem óskað eftir samstarfi við ÍSÍ um kortlagningu stöðu kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar og mögulega samanburð aftur í tímann. Framkvæmdastjóri hefur fundað með fulltrúum Jafnréttisstofu og verður farið í þetta verkefni.

**4. Íþróttamaður ársins 2022**

Framkvæmdastjóri skýrði frá hugmyndum að breyttu fyrirkomulagi á sameiginlegu hófi ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna. Málið verður skoðað áfram í samstarfi við fulltrúa frá RÚV. Dagsetning hófsins er 29. desember nk.

**5. Verkerlar, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni**

Viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf verður formlega gefin út og kynnt á fundi í Café Easy 4. nóvember nk. kl. 15.00. Mennta- og barnamálaráðherra mun mæta ásamt fulltrúum þeirra samtaka sem unnið hafa sameiginlega að viðbragðsáætluninni. Fundarmönnum verður send lokaútgáfa til yfirlesturs.

## 6. **Upplýsingar frá fundum**

Framkvæmdastjóri skýrði frá því helsta sem tekið var fyrir á ársþingi ANOC í Seoul í Suður-Kóreu í síðustu viku og eins frá fundi smáþjóða (GSSE) sem haldinn var í tengslum við þing ANOC. Á þingi ANOC voru málefni Rússa og Hvít-Rússa fyrirferðarmikil enda ekkert lát á árásum Rússa á Úkraínu. Sambandsaðilar voru hvattir til að gæta aðhalds í rekstri því að óvissa ríkti um ýmsa kostnaðarliði vegna stríðsins.

## 7. **Tilnefning í starfshóp um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks**

Forseta og framkvæmdastjóra heimilað að skoða málið og gera tillögu að tilnefningum ÍSÍ í ofangreindan starfshóp.

## 8. **Yfirlýsing ÍBR um trans fólk og íþróttir**

Lögð fram yfirlýsing frá ÍBR sem gefin var út 31. ágúst sl. sem gleymdist að leggja fram til kynningar á síðasta fundi framkvæmdastjórnar. Í inngangi yfirlýsingarinnar kemur fram að ÍBR vonast eftir samstarfi við sérsambönd, ÍSÍ og UMFÍ í að útbúa leiðbeiningar fyrir íþróttahreyfinguna um trans fólk í íþróttum sem verndar rétt allra til að stunda íþróttir.

## 9. **Nýjar íþróttagreinar**

Fyrir liggja erindi um viðurkenningu á eftirtöldum íþróttagreinum:

- Amerískum fótbolta
- Pílu
- Rafíþróttum
- Kickbox
- Muay thai
- Wrestling

Samþykkt að viðurkenna amerískan fótbolta og pílu, með fyrirvara um nánari skoðun framkvæmdastjóra á stöðu íþróttanna hjá IOC og á Norðurlöndunum.

Íþróttaping ÍSÍ samþykkti skilgreiningu á rafíþróttum árið 2019. Hugtakið rafíþróttir er notað um rafræna íþróttaleiki, bæði sýndaríþróttaleiki (hermileiki) og aðra íþróttaleiki sem byggja á viðurkenndum íþróttagreinum innan íþróttahreyfingarinnar. Í þeim tilfellum sem rafíþróttir eru skilgreindar innan viðkomandi alþjóðasársambanda eru það viðkomandi sérsambönd sem fara með forræði þeirra hér á landi, enda byggja þær á viðurkenndum íþróttagreinum innan ÍSÍ. Er því ekki um að ræða eina skilgreinda íþrótt (rafíþrótt) sem hægt er að viðurkenna.

Þó að rafíþróttir/rafleikir séu iðkaðir í starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ þá lítur ÍSÍ á þá starfsemi sem félagslega starfsemi en ekki íþróttalega. Á þeim grundvelli hefur ÍSÍ ekki gert athugasemdir við slíka starfsemi innan íþrótt- og ungmennafélaga.

ÍSÍ fylgist áfram vel með umfjöllunum og samþykktum erlendra yfirsamtaka ÍSÍ og þeim úttektum/skýrslum sem gerðar hafa verið innan Evrópusambandsins og birtar m.a. í riti EOC EU Office um málefnið.

Aðrar íþróttagreinar bíða frekari greiningar og niðurstöðu vinnuhóps ÍSÍ um nýjar íþróttagreinar og tengingu við alþjóðasambönd. Einnig á eftir að fara fram umræða um nafngift þeirra íþróttar.

**10. Heiðranir**

Teknar fyrir tilnefningar til heiðrana hjá Skíðafélagi Dalvíkur, í tilefni af 50 ára afmæli félagsins. Samþykkt að sæma eftirfarandi einstaklinga Gullmerki ÍSÍ: Björgvin Hjörleifsson, Óskar Óskarsson og Brynjólf Sveinsson. Hafsteinn Pálsson, 2. varaforseti ÍSÍ mun afhenda viðurkenningarnar í afmælishófi sem haldið verður 11. nóvember nk. á Dalvík.

**11. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 327. fundur framkvæmdastjórnar
- Samantekt frá skrifstofu og sviðum

**12. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

**13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar**

Næstu fundir stjórnar verða 24. nóvember og 15. desember nk. (jólafundur).

**14. Önnur mál**

*Málefni Afrekssjóðs ÍSÍ*

Knútur G. Hauksson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ skýrði frá fundi sem nýlega var haldinn með A-sér samböndum. Á fundinum komu fram ýmsar ábendingar, m.a. varðandi þjónustu, umsóknarferli og tæknilegar úrlausnir. Eins urðu á fundinum góðar umræður um helstu áskoranir í rekstri sambandanna.

Knútur sagði mikilvægt að skoða alla þætti, bæta ferla, sýnileika og gagnsæi í öllum ákvarðanatökum.

Nokkrar umræður urðu um góða stjórnunarhætti, birtingu fundargerða og bætingu verkferla, ekki aðeins varðandi Afrekssjóð heldur heilt yfir í starfi ÍSÍ. Skrifstofa vinnur að úrbótum varðandi birtingu fundargerða framkvæmdastjórnar og annarra þátta er falla undir góða stjórnunarhætti.

*Þjóðarhöll í innanhússíþróttum*

Rætt um stöðu mála varðandi þjóðarhöll í innanhússíþróttum. Forseti upplýsti að staða mála verði kynnt á Formannafundi ÍSÍ í nóvember.

*Heiti stoðsviða ÍSÍ*

Framkvæmdastjóri lagði til breytingu á nafni nýs sameinaðs sviðs Almenningsíþróttasviðs og Þróunar- og fræðslusviðs. Áður hafði verið samþykkt að kalla það Lýðheilsu- og útbreiðslusvið ÍSÍ en nú væri lagt til að breyta því í Fræðslu- og

almenningsíþróttasvið ÍSí. Sagði hann það heiti vera meira lýsandi fyrir verkefni sviðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### *Styrkir til íþróttahreyfingarinnar vegna afleiðinga COVID-19*

Olga Bjarnadóttir spurðist fyrir um stöðu mála varðandi greiðslu styrkja til eininga í íþróttahreyfingunni vegna afleiðinga COVID-19.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að tillögur ÍSí að skiptingu styrkja hefði verið send ráðuneytinu strax í kjölfar síðasta fundar framkvæmdastjórnar ÍSí þar sem tillagan um skiptingu var samþykkt en málið væri enn í vinnslu í ráðuneytinu.

#### *Ráðningar*

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu mála varðandi ráðningarferli þeirra þriggja starfa sem ÍSí auglýsti laus til umsóknar fyrir nokkrum vikum. Viðtöl standa yfir í samstarfi við Hagvang sem annast ráðningarferlin.

Vonast er til þess að búið verði að ráða í allar stöðurnar í lok nóvember.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari